




INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Hautbréf 2021

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*



Björg Melsted teiknaði.

Undir himins breiðum boga
blessuð sólin glæðir loga
augun laða, seiða soga
sæla um þá alla fer
fuglarnir þeir fiðrið snyrta
friðsæl er nú morgunbirta
og fjöllin okkar fögur skarta
feldi hvítum
háir hvassir tignartindar
tíbrá, augun sólin blindar
streymir loft og sterkir vindar
stari heilluð nokkra hríð
hverfa burtu hugarangursstríð.

**Úr ljóðabókinni: *Ljóðvindar*
Höf: Magnea Puriður Ingvarsdóttir**



Samskipta- og útgáfunefnd óskar félagskonum DKG gleðilegra jóla og farsæls komandi árs

Ný útgáfunefnd var skipuð í haust og hefur bæði hist á fundum og ráðið ráðum sínum í tölvupóstum. Fyrsta verkefni hennar var að kalla eftir fréttum frá deildum og birtist afraksturinn í þessu fréttabréfi. Viðbrögðin við beiðni nefndarkvenna um efni hafa verið góð og ánægjulegt að geta nú birt haustfréttabréf þar sem eru fréttir frá öllum deildum.

Starf deilda er enn nokkuð litað af stöðunni í heimsfaraldrinum og ýmist hafa fundir verið haldnir í raunheimum eða með aðstoð Zoom eins og fram kemur í pistlum. Nefndin þakkar formönnum deilda sem sendu inn efni og myndir sem sýna fjölbreytt starf deildanna.

Nýr forseti DKG Guðrún Edda Bentsdóttir skrifar pistil frá landssambandsstjórn þar sem hún greinir frá stórauknu samstarfi við Evrópuhluta samtakanna sem m.a. birtist í evrópsku menntaröðinni (Europe Education Series) þar sem hvert landssamband DKG í Evrópu leggur til einn fyrirlestur eða kynningu mánaðarlega.

Það er vel þegið að fá uppástungur frá félagskonum til samskipta- og útgáfunefndar DKG um efni í fréttablaðið en næsta blað kemur á vordögum 2022.

Með jóla- og áramótakveðju.

*Samskipta- og útgáfunefnd DKG:
Birna Sigurjónsdóttir
Iðunn Antonsdóttir
Kristín Björk Jóhannsdóttir*





Fréttir frá stjórn landssambands DKG á Íslandi

Framkvæmdaráðsfundur var haldinn á Zoom 3. september sl. og stóð frá kl. 17-22:00 með hóflegu matarhléi. Fundurinn tókst mjög vel og er það ekki síst að þakka brennandi áhuga formanna deildanna sem voru ósparir á að taka þátt í umræðum og deila hugmyndum og reynslu hver með annarri. Framkvæmdaráðið samþykkti tillögu stjórnar um framkvæmdaáætlun 2021-2022 sem er stjórninni mikilvægt leiðarljós í sínum verkum. Ákveðið hafði verið að aflýsa haustráðstefnunni sem til stóð að halda í Reykjanesbæ 4. sept. sl. en stefna að því að halda vorráðstefnu í Reykjavík 7. maí 2022. Vonandi getum við þá hist í raunheimum og notið gefandi samvista og innihaldsríkrar dagskrár.

Landssambandsstjórn DKG 2021-2023 hefur haldið fimm fundi það sem af er á þessu starfsári. Fundirnir hafa verið haldnir með fjarfundasniði á Zoom en núverandi stjórn samþykkti að halda áfram að kaupa áskrift af Zoom fyrir stjórnarfundum og deildarfundum ef og þegar þörf skapast. Þetta hefur reynst hagkvæmt bæði fyrir samtökin og stjórnina þar sem stjórnarkonur eru staðsettar vítt og breitt um landið og í næstum öllum kjördæmum. Tvær deildir hafa þegar nýtt sér áskriftina til að halda jólafundum með fjarfundasniði og er hér með vakin athygli þeirra sem undirbúa deildarfundina að nýta þennan möguleika frekar en að fella niður fundi vegna samkomutakmarkana eða annarra ástæðna tengdum heimsfaraldrinum.

Félaga- og útbreiðslunefndin hefur lagt áherslu á að uppfæra félagatalið og hafa réttar upplýsingar um félagi á heimasíðu samtakanna, en það er mikilvægt bæði vegna félagsgjalda en einnig til að hægt sé að treysta á að upplýsingar um félagskonur á heimasíðunni séu réttar og reglulega uppfærðar.

Það sem ekki hvað síst hefur einkennt starfið á haustönninni er stóraukið samstarf við Evrópuhluta samtakanna. Núverandi Evrópuforseti, Margarita Hanschmidt frá Eistlandi, hefur haldið vel utan um samstarf forseta í hverju landssambandi fyrir sig og stutt við Evrópusamstarfið með ráðum og dád. Þegar ljóst var að ekki væri hægt að halda Evrópuráðstefnu í Finnlandi var ákveðið að stofna til evrópsku menntaraðarinnar (Europe Education Series) þar sem hvert landssamband DKG í Evrópu myndi leggja til einn fyrirlestur eða kynningu þannig að úr yrðu mánaðarlegir viðburðir frá október 2021 til maí 2022. Sænsku og hollensku samtökin hafa þegar haldið sínar kynningar en þýski hlutinn er með kynningu 11. desember nk. um lýðræði í skólastarfi og hlutverk kennara í því samhengi. Hin evrópska samskipta- og útgáfunefnd býður til evrópsks jólakvölds á Lúsíuhátíðinni 13. des. nk. þar sem sagt verður frá jólasíðum í hverju landi fyrir sig. Breskar DKG-systur hafa líka verið duglegar að bjóða öðrum að fylgjast með sínum fundum sem hafa verið haldnir á Zoom og hafa þær ensku verið mjög hugmyndaríkar í að gera fundina bæði fróðlega en um leið skemmtilega. Eru félagskonur hvattar til að fylgjast vel með póstum, Facebook-síðu samtakanna og heimasíðunni til að kynna sér þessi fjölbreyttu og fróðlega tilboð.

Ég vil þakka samskipta- og útgáfunefndinni fyrir að ganga rösklega til verks og gefa út þetta fróðlega fréttabréf sem gefur góða mynd af því öflugra starfi sem fram fer í deildunum vítt og breitt um landið.

Fyrir hönd landssambandsstjórnar vil ég óska öllum DKG-félagskonum nær og fjær notalegrar og gefandi aðventu og friðsamra og gleðilegra jóla.

Guðrún E. Bentsdóttir, landssambandsforseti.

Lærum og leiðum - faglegar og framsækningar



Frá deildum

Alfa

Fyrsti fundur Alfadeildar var haldinn 4. október sl. Þá fórum við í heimsókn og skoðuðum húsakynni Hjálpræðishersins að Suðurlandsbraut 72. Eins og flestum er kunnugt eru þetta glæný húsakynni sem tekin voru í notkun á þessu ári. Húsið er býsna fallett og nýstárlegt, bæði að innan og utan. Forstöðukona tók á mót og kynnti fjölbreytta starfsemi Hersins og sýndi húsið.

Þarna fer margt fram svo sem matur fyrir heimilislausa og margir hópar eru starfandi fyrir unga og gamla. Á tímabili var þarna skjól fyrir nemendur og þeim hjálpað með heimalærdóm. Þetta var mjög notaleg heimsókn og fróðleg og að lokum var boðið upp á kaffi og meðlæti. Fórum við allar glaðar heim.

Jólafundur var haldinn 27. nóvember og til stóð að halda hann á veitingastað en hætt var við það vegna veirunnar skæðu og hann haldinn á Zoom í staðinn. Við fengum Arndísi Þórarinsdóttur rithöfund til að koma og tala um bók sína Bál tímans sem hefur fengið góða dóma. Þannig hófst aðventan á þessu ári í Alfadeild.

Bestu jólakveðjur

*Erna Árnadóttir
formaður*





Beta

Haustið í Beta-deild fór vel af stað. Að loknu dásamlegu sumri þann 18. september sl. skunduðu konur í Betadeild til hádegisverðar á gamla og góða Hótel KEA. Dagskráin var hefðbundin en fundurinn hafði yfir sér hátíðarblæ. Loksins var komið að inntöku nýrrar félagskonu sem dregist hafði úr hófi fram vegna farsóttar. Laufey Petrea Magnúsdóttir var tekin inn í Beta-deild og ljóst að þar fær deildin öflugan liðsstyrk í konu sem er öllum hnútum kunnug í mennta- og fræðslumálum. Á fundinum flutti Margrét K. Jónsdóttir orð til umhugsunar þar sem hún fjallaði um íslenska náttúru og þá sérstaklega flórana okkar. Beta-konur bíða í ofvæni eftir afmælikveðju frá Möggu á samfélagsmiðlum en hún velur ávallt mynd af íslensku blómi eða plöntu til að prýða afmælikveðjuna. Myndirnar tekur hún sjálf, oftast á sumrin þar sem hún ferðast um landið, ýmist með fjölskyldu sinni eða heilu hópana í leiðsögn.

Vetrardagskráin var birt með seinni skipunum og fyrirvara um staðsetningar. Eins og öllum er ljóst hefur veiran tilhneigingu til að spilla gleði og skipulagi. Það var því ánægjulegt að næsti fundur deildarinnar skyldi fara fram ótruflaður í Menntaskólanum á Akureyri í október. Þorgerður Sigurðardóttir flutti orð til umhugsunar og ræddi hvað tekur við þegar konur setjast í helgan stein. Þorgerður lét hvatningu til kvenna fylgja með þess efnis að vera duglegar að leggja sitt af mörkum í félagsstarfi og styrkja tengslanetið. Við höfum svo margt að gefa, sagði Þorgerður. Falleg og mikilvæg áminning. Undirbúningshópurinn hélt bleikum október á lofti og bauð tveimur afar atorkusömum konum á fundinn. Þær sögðu frá bleiku slaufunum sem prýða Akureyri og nágrenni í októbermánuði. Þær Vilborg Jóhannsdóttir og Inga Vestmann reka sitt hvort fyrirtækið á Akureyri en halda jafnframt utan um Dekurdaga sem haldnir eru á sama tíma ár hvert. Auk þess að hvetja Akureyringa til að



versla í heimabyggð vinna þær Vilborg og Inga hörðum höndum við að hnýta bleikar slaufur sem prýða staura við fyrirtæki og heimili á Akureyri. Hagnað af sölu slaufanna sem og styrki sem þær fá hjá fyrirtækjum láta þær renna til Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Allt gera þær þetta að eigin

frumkvæði og einstakri eljusemi. Þannig hafa þær undanfarin ár safnað tugum milljóna sem hafa m.a. nýst til að kaupa nýtt brjóstamyndataeki á Sjúkrahúsið á Akureyri. Draumur þeirra er að með tíð og tíma fái fólk hér á svæðinu sambærilega endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra og Ljósíð er í Reykjavík.



Stefnt er að sameiginlegum jólafundi Beta-, Mý- og Ný-deilda þann 25. nóvember nk. Vonandi tekst að halda fundinn í raunheimum enda ómetanlegt að hitta aðrar deildir og eiga nærandi samverustund.

*Hildur Hauksdóttir
formaður*

Á stórafmælum félagskvenna styrkjum við UNICEF í þeirra nafni. Eygló sem nýverið varð sjötug tekur við pakknum

Gamma



Í sumarlok var dagskrá fram yfir áramót mótuð hjá stjórn Gammadeildar. Allt leit ljómandi vel út varðandi kófið. Í bjartsýni yfir komandi hausti var stefnt á haustþing landssambandsins. Þeim viðburði varð því miður að fresta á síðustu stundu vegna nýrrar stöðu faraldursins.

Fullar tilhlökkunar um að hittast á fyrsta haustfundi Gammadeildar skipulagði stjórn ferð austur fyrir fjall þann 15. september. Þar áttum við einstaklega ánægjulega og menningarlega ferð í blómabænum Hveragerði. Alda Rose Cartwright, listakona og verkefnastjóri leiddi okkur í gegnum sýningar á Listasafni Árnesinga. Þar bar hæst yfirlitssýninguna *Áhrif og andagift*,




verk Ragnhildar Óskarsdóttur, betur þekkt sem Róska. Hún var allt í senn listakona, ljósmyndari, fyrirsæta, kvikmyndargerðarkona, kommúnisti, femínisti og uppreisnarkona. Í öðrum sýingasölum voru afar áhugaverð og fjölbreytt verk frá Gjörningaklúbbnum og einnig verk eftir Katrínu Elvarsdóttur, Kristínu Gunnlaugsdóttur, Söru Björnsdóttur og Elísabetu Jökulsdóttur. Eftir að hafa kíkt í safnbúðina og skálað í freyðivíni var haldið á Matkrána. Þar var fundi haldið áfram og jafnframt gætt sér á ekta dönsku smurbrauði í góðum félagsskap. Heim héldum við glaðar í

sinni eftir að fá tækifæri til að hittast í eigin persónu og eiga dýrmæta og fræðandi stund saman. Mæla má heilshugar með heimsókn á Listasafn Árnesinga.

Pétur Hjörvar Þorkelsson sérfræðingur í innleiðingu Barnasáttmála UNICEF á Íslandi kom á fund okkar þann 5. október sem haldinn var í Laugalækjarskóla. Pétur sagði frá sáttmálanum, sögu hans og verkefninu um réttindaskóla. Við hæfi var að vera í þessum skóla þar sem hann er Réttindaskóli. Markmið Réttindaskólanna er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum/nemendum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi Réttindaskólanna, auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara og annarra starfsmanna.

Á fundinum var Vilborgar Dagbjartsdóttur skáldkonu og kennara minnst með hlýjum orðum en hún gekk til liðs við Gammadeild árið 1986. Hún lést 16. september síðastliðinn, 91 árs að aldri. Við eigum eftir að sakna frásagnargleði hennar, dillandi hláturs og hnyttinna tilsvara. Með þakklæti munum við áfram njóta perlanna hennar sem skína og þá ekki síst í ljóðum hennar. Vilborg kom að þýðingu Barnasáttmálans þegar hann var fyrst færður yfir á íslensku og önnur Gammasystir Árný Elíasdóttir þá starfsmaður Námsgagnastofnunar fékk hana til verksins. Pétur sagði okkur frá því að þýðing Vilborgar lá til grundvallar þegar Barnasáttmálinn var nýlega gefinn út í nýrri útgáfu.



Gammakonur setjast við skjáinn á ZOOM og skarta rauðu í jólaanda. Harpa Rún Kristjánsdóttir rithöfundur mun spjalla við okkur úr sveitinni sinni undir Heklurótum og lesa upp úr nýútkominni bók sinni: *Kynslóð*. Jafnframt verða jólaorð til umhugsunar á sínum stað en þau flytur ein Gammasystra. Þar með sendum við hátíðarkveðjur um lönd og mið.

Edda Pétursdóttir, formaður Gammadeildar

Fyrsta dag nóvembermánaðar hittumst við Gammakonur í Úlfarsárdal í glæsilegum húsakynnum Dalskóla þar sem Hildur Jóhannesdóttir skólastjóri tók á móti okkur. Renata Emilsson Peskova kynnti doktorsverkefni sitt: *Skólareynsla fjöltyngdra nemenda: Fjöltílviksrannsókn frá Íslandi* og ræddi einnig tungumálasjálfsmyndir barna. Hún varði ritgerð sína í menntavísindum við Deild kennslu- og menntunarfræði við Háskóla Íslands í lok sumars. Sjálf hefur Renata fjölbreyttan bakgrunn í menntun og háskólagráður sínar hefur hún þreytt á ólíkum tungumálum: BA námið á sínu móðurmáli, tékknesku; meistaraprófið á þýsku í Þýskalandi og doktorsgráðuna á Íslandi á íslensku og einnig ensku. Eftir áhugaverðan fyrirlestur leiddi Hildur okkur um skólann sem nær yfir fjölpætta starfsemi; frístundaheimili, menningarmiðstöð, almenningsbókasafn, íþróttahús og bæði inni- og útisundlaug. Sannkallað fjölnotahús þar sem borgararnir sækja yndisauka fyrir sál og líkama. Hildur og Renata eru báðar í Gammadeild. Nú líður senn að aðventu þegar þetta er skrifað og jólafundur í nánd. Í þröngri stöðu sem við búum við með hliðsjón af sóttvarnareglum munu



Starf Delta-deildar hófst af krafti í haust og höfum við fundað tvisvar sinnum á afskaplega skemmtilegum og fræðandi fundum.

Við byrjuðum starfið 29. september á því að hittast á Akranesi og fórum í heimsókn til Helenu Guttormsdóttur. Hún er lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands í landslagsarkitektúr og sem slík brennandi áhugakona um umhverfi okkar. Hún er einnig komin af listamönnum í marga ættliði og við heimsóttum hana á æskuheimili hennar þar sem faðir hennar var með vinnustofu. Helena var með hugleiðingu fyrir okkur um efnið: *Hvernig verður maður það sem maður er?* Þar sagði hún okkur frá forfeðrum og mæðrum sínum sem öll voru á einhvern hátt tengd landslagi og myndlist og ræddi það hvernig hugsanlega væri í okkur einhver erfðafræðileg taug sem ýtti okkur á ákveðnar brautir, jafnvel þótt við værum ekki meðvitað um það. Auðvitað skiptir líka máli hvernig umhverfið á heimilinu eða áherslur í uppeldi eru, en hún velti upp þeim spurningum hvort það væru hugsanlega djúpstæðari hvatir að baki. Hún sýndi okkur m.a. teikningar sem langa-langafi hennar sem var jarðfræðingur í Svíþjóð hafði teiknað og voru það mikil listaverk. Axel Erdman afi hennar var virtur sænskur málari og sagði hún okkur frá honum. Einnig sýndi hún fallett handverk ömmu sinnar Gretu Björnsson en hún málaði m.a. listilega kirkjuskreytingar víðsvegar um Ísland. Sömuleiðis sýndi hún okkur verk föður síns, en Guttormur vann með ýmsan efnivið, aðallega í tré og stein og og var gaman að skoða verk hans og aðstöðuna. Helena sjálf er líka listakona og sýndi hún okkur nokkur verk eftir sig, einnig sýndi hún og sagði okkur frá verkefni sem hún er að vinna sem er „Möguleikar nærumhverfisins, litir í 300 metra fjarlægð frá

heimilinu“. Þar mátti líta nær alla heimsins liti og var þetta mjög skemmtilegt og vekur mann til umhugsunar um að við eigum að líta okkur nær og umhverfið er oft litríkara en við höldum. Eins og áður sagði þá byggði hennar hugleiðing til okkar á því að hún hefði sennilega ekki getað orðið neitt annað en náttúruunnandi og listamaður. Þessi heimsókn vakti sömuleiðis okkur allar til umhugsunar um okkur sjálfar og var þetta mjög áhugaverð heimsókn. Eftir heimsóknina var hefðbundinn fundur sem var haldinn í Tónlistarskólanum á Akranesi. Þar sagði Þórunn Reykdal frá sjálfri sér og hafði hún svo sannarlega frá mörgu að segja og er gangandi vitnisburður um það hvað alltaf er hægt að vera að gera eitthvað spennandi og áhugavert en hún varð nýlega sjötug og tók af því tilefni t.d. rútupróf og er einn aðalleiðsögumaðurinn í hin fallettu Giljaböð í Húsafelli –ásamt ýmsu öðru. Einnig flutti Jensína Valdimarsdóttir okkur orð til umhugsunar um orðið *Traust*, en það er full ástæða um þessar mundir til að velta því fyrir sér. Góð og áhugaverð hugleiðing hjá Jensínu.

Annar haustfundur Delta var 27. október, hann var sömuleiðis mjög áhugaverður og skemmtilegur en við byrjuðum á að fara í heimsókn til Mixtúru, upplýsinga- og tæknivers Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Þar tóku Bjarndís Fjóra Jónsdóttir og Þorbjörg S. Þorsteinsdóttir á móti okkur. Þær voru fyrst með kynningu á hinum ýmsu hlutverkum Mixtúru, en þar er t.d. starfrækt snillismiðja og fullbúið ljós- og hljóðstúdíó. Einnig er „Búnaðarbanki“ SFS staðsettur hjá þeim og LEGO herbergi. Eftir kynninguna sýndu þær okkur töfraheim Mixtúru og alla þá fjölbreyttu möguleika sem þar eru í boði.



Þess má geta að Bjardís er í DKG, Gammadeild. Vera okkar hjá Mixtúru, var eins og að vera í sælgætisboði þar sem hver molinn var öðrum betri. En við fengum bæði að sjá og prófa ýmis tæki og tækni. Það er svo gaman og áhugavert að sjá hvernig hægt er að nýta tæknina í kennslu. Bæði til að hvetja og ná til nemenda og til að auðvelda kennurum starfið. Við þurfum bara að bera okkur eftir björginni og þess vegna eru ver eins og Mixtúra mikilvæg, eða eins og þær orðuðu það, þá eru þær að leika sér í vinnunni alla daga og finna út hvað virkar og hvað virkar ekki í samstarfi við skólana. Við vorum mjög innblásnar eftir þessa heimsókn og héldum í Garðheima þar sem við borðuðum á Spírinni og héldum fund. Þar sagði Ruth Jörgensdóttir Rauterberg okkur frá sjálfri sér. Hún er þýsk, en kom í raun óvart til Íslands sem skiptinemi. Hún ætlaði annað en skiptineminn sem ætlaði að koma til Íslands vildi það ekki og því var henni boðið að koma, þáði það og er jafnvel orðin meiri Íslendingur en við margar. Það var mjög gaman þegar hún upplýsti um það að hún hefði verið í hópi sem smíðaði handriðið í Spírinni þegar hún var í smíðanámi. Einnig hafði hún unnið sem leikmyndasmiður og svo fór hún í þroskaþjálfanám og er nú brautarformaður í þroskaþjálfabraut Háskólans. Hún talaði af þekkingu og innsæi um *skóla án aðgreiningar* og er mjög hlynt þeirri stefnu. Ruth byggir bæði á sinni reynslu úr skólakerfinu, sem og úr uppvextinum, en hún ólst upp með bróður sem var með Downs-heilkenni. Hún er nú að skrifa doktorsritgerð þar sem hún fjallar um *skóla án aðgreiningar*.

Jónína Eiríksdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði hún um orðið *Hugsun*. En við erum oft svo uppteknar og á hlaupum að hugsunin og íhugunin verður oft útundan. Þetta voru virkilega áhugaverð orð hjá Jónínu og það er við hæfi að enda þennan pistil Delta-deilar á því að hvetja allar DKG konur til að hugsa og vera til!

Jónína Erna Arnardóttir formaður Deltadeildar.



Epsilon

Stjórnin hittist snemma í september og við ákváðum að halda okkur við plönin sem við gerðum fyrir einu ári síðan, áður en öllu var skellt í lás.

Við hittumst tvisvar núna í haust, í Hveragerði þann 29. september og fengum kynningu frá ungu tónskáldi, Halldóri Smárasyni, Ísfirðingi sem fluttur er í Hveragerði. Einnig hittumst við 27. október fyrir austan Selfoss og fórum í heimsókn til ullarfyrirtækis sem heitir **Uppspuni** og Hulda sem þar ræður ríkjum tók vel á mótí okkur.

Við í stjórninni höfum ákveðið að gera hlé á fundahaldi þennan mánuðinn en stefnum að því að halda bókafund í janúar n.k.

Ég hef skipt um vinnu, hef því verið á hlaupum á milli Selfoss og Reykjavíkur alla daga og það er að hluta til ástæða þess að ég hef litlu öðru komið í verk þessa dagana.

Með kveðju
Ingibjörg Ingadóttir, formaður





Zeta

Á ljúfum sumardeggi í júní 2021 var vofundur Zeta-deildar haldinn í Hallormsstaðaskóla sem á sér sérstakan stað í hjarta Zeta kvenna en þar var stofnfundur deildarinnar haldinn. Á þessum vofundi fengum við kynningu frá Bryndísi Fionu Ford skólameistara Hallormsstaðaskóla á starfsemi skólans og þeim breytingum sem hafa orðið á náminu. Nemendur koma að loknu stúdentsprófi eða annarri sambærilegri menntun. Með náminu er horft til þess að til verði kynslóð fagfólks sem getur unnið þvert á fræði og faggreinar, hefur haldgóða þekkingu og færni á sviði sjálfbærni og sköpunar með nýtingu auðlinda að leiðarljósi. Námið er þverfaglegt og góður grunnur fyrir margskonar nám og er einingabært í háskóla. Brynja Garðarsdóttir var með orð til umhugsunar þar sem hún velti upp spurningunni hvað það væri sem hefði áhrif á val okkar á starfsvettvangi? Hún ræddi um sitt ævistarf en hún var að láta af störfum sem grunnskólakennari til margra ára, hún sagðist hætta sátt við sinn starfsvettvang og þó kennslan geti stundum verið erfið þá sé hún líka gefandi. Harpa Höskuldsdóttir gjaldkeri deildarinnar lét af störfum og við hennar starfi tók Ólafía Þórunn Stefánsdóttir. Eftir umræður um eflingu starfs deildarinnar fórum við í skoðunarferð um Hallormsstaðarskóla og héldum svo að loknum fundi í sumarfrí.

Fyrsti fundur haustið 2021 var haldinn á Fáskrúðsfirði og var kynningarfundur á starfsemi deildarinnar, þrjár konur voru gestir á fundinum. Guðrún Ásgeirsdóttir var með orð til umhugsunar og talaði þar um Menntafléttuna sem samanstendur af námskeiðum sem byggja á hugmyndafræði leiðtoganáms og þróun lærdómssamfélaga. Þar er horft til rannsókna varðandi starfsþróun kennara og hvernig hún getur sem best stutt við kennara í starfi. Mörg

námskeið eru í boði og sagði Guðrún frá námskeiði sem hún situr „Málið okkar allra – ný sýn í málfræðikennslu“ en hvert námskeið nær yfir allt skólaárið og er í fjórum til sex lotum. Þátttakendur verða leiðtogar í sínum skóla og vinna með viðfangsefni námskeiðanna í eigin skóla með samkennurum eða öðrum allt eftir umfangi verkefnis. Í gegnum námskeiðið fá leiðtogar stuðning í verkefninu og horft er til þess að hægt sé að flétta þá vinnu inn í dagleg störf leiðtogans og stuðla þannig að frekari þróun lærdómssamfélagsins í skólanum. Nokkur umræða skapaðist þar sem m.a. var rætt um mikilvægi starfsþróunar og aðgengi landsbyggðarinnar að henni en menntafléttan fer fram með rafrænum hætti og er þátttakendum að kostnaðarlausu. Helga Magnea Steinsson hélt afar greinargóða kynningu á DKG í máli og glærum, í framhaldinu sköpuðust góðar umræður og voru gestir okkar áhugasamir um starfsemi félagsins og munu vonandi bætast í okkar góða félagsskap á starfsárinu.

Jólafundur deildarinnar verður svo haldinn í byrjun desember í Neskaupstað.

*Guðmunda Vala Jónasdóttir, formaður
Zetadeildar*

Eta

Fyrsti fundur vetrarins í ETA deild var haldinn 1. nóvember á veitingastaðnum Finnson Bistro og hófst fundurinn kl. 17:30. Á fundinn mættu 13 félagskonur. Stjórn ETA sér um fyrsta og síðasta fund tímabilsins en aðrar fundarkonur skipta með sér 4 fundum samkvæmt hópaskiptingu.

Formaður ETA deilar Björg Kristjánsdóttir setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar og lýsti ánægju sinni yfir því að fundur væri loksins haldinn í raunheimum. Þá kveikti formaður á kertum vináttunnar, trúmennsku og hjálpsemi.

Orð til umhugsunar flutti Björg formaður. Ræddi hún um mikilvægi hugleiðslu og ihugunar. Sagði hún frá reynslu sinni og hvatti systur til að gera slíkt hið saman. Þá mælti hún með sérstöku appi sem hægt er að hlaða niður og iðka hugleiðslu heima.

Erindi kvöldsins nefndist Ákall um aðgerðir og var það Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti og ETA systir sem flutti okkur erindi um málefni sem brennur á okkur öllum í dag, verndun jarðarinnar og ákall um aðgerðir strax. Erindið hafði mikil áhrif á fundarkonur og sköpuðust miklar umræður um mikilvægi okkar allra til þess að bæta heiminn. Rætt var um aðgerðir sem við sjálfar getum tekið þátt í og þá byrjað á okkur sjálfum. Erindið er birt í heild sinni í lok fréttabréfsins.



Í lok fundar voru bornar fram dýrindis veitingar og fundarkonur ræddu næstu skref fullar innblásturs af erindi kvöldsins.

Björg Kristjánsdóttir, formaður



Peta

Af okkur hér í Þeta deildinni í Reykjanesbæ er allt gott að fréttu á þessu vindasama hausti. Þegar þetta er skrifað höfum við haldið tvo fundi í deildinni og sá þriðji jólafundurinn okkar er á dagskrá 24. nóvember n.k. Stjórnin ákvað að í vetur yrði þema landsambandsins haft að leiðarljósi á fundum ásamt sögu menntunar og skólahalda á Suðurnesjum.

Fyrsti fundur vetrarins var 20. september og var hann haldin í Heiðarskóla sem er einn af sjö grunnskólum Reykjanesbæjar. Fengum við góðan gest á þann fund. Árelía Eydís Guðmundsdóttir kennari við HÍ og rithöfundur mætti og sagði okkur frá sjálfri sér og þeim bókum sem hún hefur gefið út. Árelía Eydís var skemmtileg og vakti okkur til umhugsunar um ýmislegt.

Næsti fundur var þriðjudaginn 19. október og var boðið upp á spennandi og athyglisverða dagskrá. Farið var í heimsókn í skólasafnið í Vogum á Vatnsleysuströnd og fengum við þar fróðlegan fyrirlestur um skólalagd fyrri tíma á Vatnsleysuströnd. Síðan var farið í Kálfatjarnarkirkju og kirkjuvörðurinn þar sagði okkur frá sögu kirkjunnar. Að því loknu var borðuð létt hressing og félagskonur áttu saman góða stund við spjall.

Eins og fyrr segir er jólafundurinn okkar 24. Nóv. og er það alltaf tilhlökkunarefni að eiga góða stund með Þeta systurum í byrjun aðventu. Við höfum haft þann hátt á að það séu tvær til þrjár félagskonur og ein frá stjórn sem skipuleggja fundina. Það hefur gefist vel og skapar fjölbreytni og virkjar félagskonur.

Á nýju ári eru síðan skipulagðir þrjú fundir og vonandi vorferð með hækkandi sól. Við finnum að við þurfum að halda dampi þrátt fyrir heimsfaraldur sem ekkert lát er á. Og einnig höfum við rætt í stjórninni um inntöku nýrra félagskvenna á nýju ári og stefnum á það.

Bestu jólakveðjur til allra félagskvenna í Delta Kappa Gamma.

Ingibjörg B. Hilmarsdóttir, formaður



Iota

Stjórn Iotadeildar kom saman í september til að leggja drög að starfsemi komandi starfsárs. Ákveðnir voru fundardagar út veturinn og lögð drög að dagskrá funda næstu mánaða.

Ein stærsta áskorun þessa árs er að fjölga konum í deildinni en frá því í vor hefur fækkað um sjö konur. Ástæður fyrir því eru ýmsar svo sem námsþorsti félagskvenna, flutningur til Reykjavíkur og persónulegar ástæður. Í Iota deild eru nú 17 konur. Stjórnin er búin fá sendar tillögur um nýja meðlimi frá félagskonum og er að vinna úr þeim upplýsingum. Vonandi leiðir það til þess að við getum tekið inn þrjár til fjórar nýjar konur á næstu mánuðum.

Fyrsti fundur vetrarins var snemma í október og var dagskráin í takti við nýju þekkingarorðin *Lærum og leiðum - faglegar og framsæknar*. Fundurinn var haldinn í húsakynnum Grunnskólans á Þingeyri. Tvær af kennurum skólans, þær Jónína Hrönn Símonardóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir, sem báðar eru í Iota deildinni, tóku á móti okkur og fóru með okkur í skoðunarferð um skólann.

Á fundinum fengum við erindi frá Aðalbjörgu Helgadóttur sem kallast *Inn er eina leiðin út*. Hún fjallaði um áhrifin sem aðstæður undanfarinna mánaða hafa haft á samskipti í starfi og einkalífi og benti á hjálplegar leiðir og bjargráð sem hver og ein getur tileinkað sér svo að aðstæðurnar leiði til valdeflingar og vellíðunar.

Arna Björk Sæmundsdóttir kennari við Grunnskólann á Ísafirði sagði okkur frá leiðsagnarnámi sem verið er innleiða í grunnskólana á norðanverðum Vestfjörðum og

þeim hugmyndum sem það felur í sér. Í kjölfarið sköpuðust skemmtilegar umræður.

Nóvemberfundur féll niður vegna veðurs. Jólafundur verður haldinn 6. desember með hefðbundnum og hátíðalegu ívafi; smurbrauði, jólaöli, upplestri úr nýútkominni bók og svo verða sungin jólalög.

Ég óska ykkur kæru DKG systur gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

Með jólakveðju frá Vestfjörðum

Barbara Gunnlaugsson, formaður



Kappa

Í Kappadeildinni eru 26 félagskonur sem hafa haldið úti öflugu starfi við allskonar aðstæður undanfarið ár. Átta fundir voru haldnir starfsárið 2020-2021 og þar af einungis einn staðfundur sem náðist að halda í lok maí. Kappakonur heimsóttu þá sýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur og héldu fund á veitingahúsi skammt frá þar sem vítt var til veggja og yndislegt útsýni yfir bryggjur og báta í reykvískri höfn.

Hauststarfið hófst með fundi stjórnar í september þar sem starfsárið var skipulagt en deildin hefur þann háttinn á að setja fram nokkuð nákvæma starfsáætlun þar sem dagsetningar eru ákveðnar og undirbúningsteymi mynduð til að skipuleggja hvern fund. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og ábyrgð verið dreift eins jafnt og hægt er þannig að undirbúningurinn verði ekki aukaálag á önnum kafnar konur.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn 7. október hjá lðunni Fræðslusetri og var undirbúningur í höndum stjórnar. Mjög góð aðstaða er hjá lðunni fræðslusetri þannig að konur gátu vel virt nándarmörk og höfðu nægt rými í stórkostlegum húsakynnum. Og auðvitað urðu fagnaðarfundir og framkvæmdstjóri lðunnar gerði vel við alla. Á þessum fundi var starfsáætlun rædd og samþykkt og Guðrún Edda Bentsdóttir, nýr forseti landssambandsins (og Kappakona), fór yfir áherslur DKG og flutti okkur fréttir og fróðleik. Ein stjórnarkona flutti orð til umhugsunar og fjallaði að þessu sinni um vináttu og þrautseigju. Það má alveg segja að þessi dagskrárliður ýti alltaf við konum og vekji til umhugsunar um mannbætandi og aðkallandi mál. Rósir og kerti voru á sínum stað, loksins í raunheimum.

Annar fundur vetrarins var haldinn 11. nóvember og var hann tvískiptur þ.e. annars vegar heimsókn í Listasafn Íslands á *Halló geimur* þar sem fræðst var um fjölbreytta safnafræðslu og hins vegar færðum við okkur



um set í heimahús þar sem borðað var saman og haldinn fundur.

Orð til umhugsunar voru nú um stöðu menningarminja vegna loftslagsbreytinga og fengu fundarkonur nýja vídd á þau mál og ákváðu að horfa nánar til sjálfbærniþróunar. Fundurinn dróst á langinn því umræðuefnin voru mörg og gaman að hittast.



Síðasti fundur ársins er fyrirhugaður 9. desember sem staðfundur í nokkuð stóru rými þannig að hægt sé að leika á sóttvarnarreglum, ef til þess kemur.

Fundaráttaka hefur alltaf verið góð og þá sérstaklega á fjarfundunum þar sem nánast allar mættu. Auðvitað vonumst við til að geta haldið okkar striki í vetur og hist sem oftast en höfum líka lært þá list að sveigja af leið og mæta breyttum aðstæðum - í kjölfar Kófsins.

Með formannskveðju frá Kappadeild

Hulda Anna Arnljótsdóttir, formaður



Lambda

Stjórn Lambdadeildar hélt sinn fyrsta fund á nýju starfsári 22. september þar sem línurnar voru lagðar fyrir komandi starfsár deildarinnar. Það sem af er hefur starfsáætlun haustsins gengið eins og lagt var upp með.

Við höfum boðið gestum á fundina okkar en markmið þess er að kveikja áhuga á samtökunum og deildinni okkar með það að leiðarljósi að bjóða þeim að ganga í deildina eftir áramótin en þá stefnum við á það að vera með kynningarfund um DKG og taka síðan inn nýja félagi í febrúar.

Fastir fundardagar og fundartímar hafa gengið eftir hjá okkur. Við höfum í hávegum fasta dagskrárliði eins og *Orð til umhugsunar* sem og lengd fundanna en formlega eru þeir aldrei lengri en 1 og ½ klst sem hefur mælst vel fyrir.



Á fyrsta fundi okkar heimsóttum við listasafn Einars Jónssonar. Lambdasystir okkar AlmaDís Kristinsdóttir safnstjóri, tók á móti okkur og leiddi okkur um safnið.

*AlmaDís Kristinsdóttir
safnstjóri Listasafns Einars
Jónssonar*

Ólöf Sigurðardóttir fyrrverandi Lambdasystir og dóttir hennar Oddný Einarsdóttir komu til okkar á annan fund haustsins og sögðu okkur frá afar áhugaverðu sjálfboðastarfi þeirra í bænum



Knysna í Suður Afríku. Kynningin var haldin í Námsflokkum Reykjavíkur í boði Jódísar Káradóttur formanns Lambdadeildar.

Þriðji fundurinn var svo haldinn í leikskólanum Hlíðarbergi hjá Ólafíu Guðmundsdóttur Lambdasystur og stjórnarmanni og á þann fund mætti Anna Magnea Hreinsdóttir doktor og



lektor við Menntavísindasvið og fjallaði um yngstu börnin í leikskólanum og sagði frá nýlegri rannsókn um viðhorf barna til dvalartímans í leikskólanum sem

hún og Kristín Dýrfjörð gerðu.

Orð til umhugsunar hafa verið á persónulegum nótum og hafa skapast skemmtilegar umræður í tengslum við þau. Á fyrsta fundinum talaði Björg Melsted um þolinmæði og þrautseigju í kennslu og í lífinu almennt þá sér í lagi í tengslum við Covid19. Birna Sigurjónsdóttir sagði frá ferð sinni á slóðir Auðar Djúpúðgu í Skotlandi en þar náði Birna að sameina lífsgildin sín að lifa lífinu lifandi og halda áfram að ferðast og fræðast.

Jólafundur var svo haldinn 7. desember og þangað kom Arndís Þórarinsdóttir, rithöfundur og sagði frá bók sinni *Bál tímans*. Félagskonur spjölluðu og nutu veitinga og Gerður Magnúsdóttir flutti orð til umhugsunar og ræddi um hefðir jólaanna.

*Sigurborg K. Kristjánsdóttir, ritari
Lamdadeildar*



Þetta haustið hefur Mý- deildinni tekist að halda tvo fundi. Boðaður jólafundur deildarinnar sem átti að vera sameiginlegur með Beta- og Nýdeild var felldur niður vegna fjölda Covidsmita í samfélaginu.

Þema deildarinnar þennan vetur er konur í Eyjafirði, listir, menning og uppruni. Við settum okkur markmið að fjölga konum í deildinni á þessu starfsári.

Fyrri fundur deildarinnar þetta haustið var haldinn að Hringtúni 6 á Dalvík 22. September. Fámennt var á fundinum en átta konur sátu fundinn. Katrín Fjóra formaður deildarinnar setti fundinn og kveikti á kertum. Konur fengu síðan frábæra kynningu á fyrirtækinu *Gloppu* sem rekið er af konum á svæðinu og sérhæfir sig í skimunum í stærðfræði og læsi yngri barna. Þær stóllur Dóróþea Reimarsdóttir og Jóhanna Skaftadóttir sáu um kynninguna en auk þeirra er Þóra Rósa Geirsdóttir starfandi við fyrirtækið.



Fyrirtækið var stofnað árið 2017 og var fyrsta verkefni þess að þýða og gefa út MIO, sem er

stærðfræðiskimunarefni fyrir leikskóla. Á þeim tíma sem liðinn er síðan hefur fyrirtækinu vaxið ásmegin og sinnir nú fjölbreyttu námskeiðahaldi og þróunarstarfi, einkum á sviði stærðfræðimenntunar. Konur fengu að skoða efnið eftir kynninguna og urðu líflegar umræður í lokin. Þá sáu Magnea Kristín og Erna Rós um ljúf orð til umhugsunar.

Boðið var uppá dásemdar fiskisúpu og brauð sem konur í haustfundarnefnd sáu um. Katrín Fjóra sleit svo fundinum.



Seinni fundur haustsins var haldinn fimmtudaginn 28. október að Glerárgötu 26 og voru 16 konur mættar en Petrea ritari fylgdist

með rafrænt og skráði fundargerð Sigrún Helga kveikti á kertum og bauð konur velkomnar

Tvær konur voru í heimsókn. Eftir að þær höfðu verið kynntar var konum boðið að fá sér dýrindis kvölverð í boði nefndarinnar.

Þá var komið að erindi kvöldsins: Listin að dáleiða en Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir sagði frá því að hún hefði lært reikiheilun. Sá áhugi leiddi hana til þess að fara á



dáleiðslunámskeið árið 2011, hún heillaðist gjörsamlega og lærði að dáleiða. Dáleiðsla getur hjálpað mikið við alls kyns fóbíur. Dáleiðsla hjálpar fólki að takast á við það sem er íþyngjandi, t.d. að ná skrefi í að vinna úr erfiðri fortíð. Dáleiðsla hefur aðeins verið rannsökuð, en ekki mikið. Ef hún skilar árangri, þá virkar hún. Dáleiðsla vinnur með undirmeðvitundinni. Þuríður sagði frá því að við værum með 5-15 þætti í undirmeðvitundinni. Hægt er að dáleiða 90 prósent fólks. Dáleiðsla er ekki svefnástand, sá sem er dáleiddur man eftir öllu sem fór fram. Hún talaði einnig um jákvæða sálfræði. Hún felst í því hvernig maður nær að auðga eigin hamingju. Þösum okkur á því að segja ekki



dómharða hluti við börn. Ein setning getur haft afgerandi áhrif á þig, fylgt þér allt lífið. Dáleiðslan getur hjálpað til við að losna við svona gamlar dómharðar setningar úr æsku. Þuríður talaði um blómstrun sem er hugtak sem nær yfir mikla vellíðan, okkur þarf að líða vel í eigin skinni. Konur voru áhugasamar og spurðu spurninga og umræður sköpuðust um starfsemi heilans.



Orð til umhugsunar: Jónína Garðarsdóttir:

Orðin hennar til umhugsunar snerust um stærðfræðikennslu. Jónína sagði frá rannsókninni sinni um stærðfræðikennslu frá árinu 2017. Þar kom fram að nemendum með námserfiðleika er gott að kenna í öðrum stofum í friði. Erfitt er að snúa nemendum sem hafa gefist upp. Það hefur jákvæð áhrif að mæta nemendum þar sem þeir voru staddir, erfitt að finna skapandi aðferðir, að finna eigin lausnir, gömlu aðferðirnar eru svo ríkjandi. Það kom fram að þeir sem voru að glíma við erfiðleika í stærðfræði áttu foreldra sem glímdu við sömu erfiðleika. Barnið telur sig þá dæmt til þess að vera lélegt í stærðfræði. Nemendur sýna slakari árangur ef þeir hafa staðnað hugarfar, þeir sem hafa opið hugarfar ná meiri árangri. Umræður spunnust um stærðfræðikennslu í grunn- og framhaldsskólum.

Katrín Fjóra Guðmundsdóttir formaður

Önnur mál DKG:

Ingileif sagði frá DKG International speaker fund og hvatti konur til að sækja um að komast á listann og senda inn fyrirlestra á ensku ef þær eiga. Kjörið tækifæri til þess að hitta aðrar konur sem hafa brennandi áhuga á menntun. Sigrún Helga slökkti á kertum og sagði fundi slitið.



Ný



Vetrarstarfið hjá Ný deild hófst með stjórnarfundum í lok ágúst. Þar var ákveðið að stefna að fjölgun félagskvenna og hafa kynningarfund í október. Fyrsti fundur vetrarins var haldinn í félagsheimilinu á Hvammstanga þar sem dreifnám Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra er til húsa. Þar tók á móti okkur Rakel Runólfsdóttir sem er umsjónarmaður dreifnámsins á Hvammstanga.



Við fengum að skoða húsnæðið og hún sagði okkur frá starfseminni og hvernig hún

hefur þróast þau níu ár sem boðið hefur verið upp á þessa þjónustu fyrir íbúa svæðisins. Þessi aðstaða hefur gert ungmennum héraðsins kleift að búa lengur heima og þau þurfa ekki að fara á heimavist og burt úr föðrhúsum fyrr en þau eru tilbúin til þess.

Næsti fundur var í október og þá héldum við kynningarfund í húsnæði Árskóla á Sauðárkróki. Þar sögðum við frá hvað félagsskapurinn hefur gert fyrir okkur og Eygló Björnsdóttir í Beta deild á Akureyri var með okkur í gegnum fjarfundabúnað og sagði frá DKG á landsvísu og alþjóðavísu. Við sögðum síðan frá starfi okkar deildar og hvað væri framundan í vetur. Þetta

var skemmtilegur fundur og gaman að hitta nýjar konur. Í kjölfarið ákváðu þrjár konur að ganga til liðs við okkur á næsta fundi sem haldinn var í



Samgönguminjasafninu að Stóragerði í Skagafirði. Þar tók á móti okkur Sólveig Jónasdóttir og sagði frá áhugaverðu lífshlaupi sínu en hún hefur um árabíl unnið við kennslu og önnur fræðslustörf.

Fundurinn byrjaði á inntökuathöfn þar sem Lee Ann Maginnis, Laufey Leifsdóttir og Sigríður Margrét Ingimarsdóttir gengu til liðs við okkur. Núna bíðum við spenntar eftir sameiginlegum jólafundi með Beta- og Mý- deildum á Akureyri sem haldinn verður á Strikinu 25. nóvember. Við munum svo byrja árið með bóka fundi fljótlega eftir áramót.





Erindi Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur

Flutt á fundi ETA deildar 1. nóvember 2021

Í dag eru ráðamenn heimsins saman komnir í Glasgow í Skotlandi. Þeir ætla að finna út úr því hvernig stilla meg saman strengi til að koma í veg fyrir heimsendi af mannavöldum. Verkefni hvernar þjóðar er að minnka kolefnislosun um helming á þessum áratug, aftur um helming næsta áratug og svo enn aftur um helming áratuginn þar á eftir. Þetta er algerlega nauðsynlegt að gera til að tryggja líf á jörðinni til frambúðar.

Áskorun á okkur jarðarbúa er svo stór að það er engin leið að halda áfram að lifa eins og við höfum gert til þessa. Við skuldum börnum okkar og barnabörnum að taka á þessu máli af festu, okkur er skylt að ná árangri.

Þessi áskorun nær einnig til okkar hér á Íslandi, engu síður en til fólks í fjarlægum löndum. Þetta eru ekki bara erlendar fréttir. Þetta er okkar veruleiki.

Við þurfum að tala um leiðir til að auka hlut kvenna í störfum sem krefjast tækniþekkingar. Við erum að tala um kynjajafnrétti sem eina af forsendum þess að gera heiminn lífvænlegri. Konur þurfa að koma að því að stjórna og starfa til jafns við karla, þá fyrst verða sjónarmið beggja kynja jafngild í allri ákvarðanatöku.

Hið sama gildir um þjóðir, þjóðarbrot, þjóðfélagshópa og fólk sem er mismunað í heiminum í dag. Til að ráða fram úr heimsvandanum er jöfnuður lykilatriði. Heimurinn verður ekki lífvænlegur þegar stór

hluti mannkyns býr við kúgun eða fyrirlitningu eins og gildir um svartra, samkynhneigða og konur í mörgum löndum heims. Þessu þarf að breyta.

Fyrsta skrefið í breytingunum er að við vinnum í því að setja okkur í spor hvers annars. Besta leiðin til að læra er að setja sig í spor annarra. Gleymum því ekki að þeir sem hafa upplifað kúgun og áföll búa oft yfir þekkingu og skilningi sem er óaðgengilegur þeim sem valdið hefur. Það að hlusta á sjónarmið hinna valdlausu er upphafið að því að umbreyta heiminum. Til dæmis hefur komið í ljós að frumbyggjaþjóðir eru sterkustu varðveislumenn lífsins á jörðinni. Þau kunna að lesa í tákn náttúrunnar og hafa boðskap að færa okkur sem höfum glatað þessum tengslum. Sem betur fer eru forystumenn frumbyggja frá Amazonskóginum, mættir í Glasgow til að láta í sér heyra. Megi jarðarbúar bera gæfu til þess að ráðamenn hlusti á visku þeirra og taki skilaboðin til sín.

Kæru systur

Eins og þið vitið þá stýri ég stórum framhaldsskóla. Nýlegar rannsóknir frá Bretlandi sýna að áhyggjur ungs fólks af stöðu loftslagsmála hafa aukist mikið á síðustu árum og reyndar eru áhyggjurnar útbreiddar meðal fullorðins fólks líka. Áhyggjur hafa áhrif á líðan fólks. Ýmis teikn eru á lofti um að kvíði og vanlíðan sé að aukast hjá fólki. Hvað er hægt að gera í því? Hrædd manneskja glatar tengslum við þau innri úrræði sem hún hefur til að takast á við lífið. Grunnur að öllu saman er að við séum heilbrigð og í góðum tengslum við okkur sjálf. Eins og Dalai Lama þreytist ekki á að minna okkur á, þá er samhygð og kærleikur grunnurinn að því að við fáum lifað af hér á jörðinni. Til að geta ræktað samhygð þurfum við á innri ró að



halda. Innri ró veitir andlegan styrk. Þess vegna er forgangsatriði að hjálpa fólki til að ná innra jafnvægi. Manneskja í góðu jafnvægi er fær um að gefa af sér til annarra, fær um að sýna meðbræðrum sínum og systurum kærleika og samhygð.

Ég lít á það sem meginatriði að vinna að því að hjálpa nemendum mínum og samstarfsfólki að rækta sína innri ró. Ekkert nám getur átt sér stað í huga sem skortir innra jafnvægi.

Hvernig hjálpum við fólki að ná innra jafnvægi og tengjast kærleikanum í sjálfu sér? Mín leit segir að það sé framar öllu í gegnum íhugun og með því að rækta tengsl líkama og sálar. Við þurfum að dvelja í okkur sjálfum, í líkama okkar. Þannig tengjumst við jörðinni sem gefur okkur kraftinn til að geta tengst öðru fólki, til að verða gefandi manneskjur. Því sterkar sem við finnum fyrir eigin verund í okkar í eigin líkama, þess sterkari verða tengsl okkar við umheiminn. Samhygðin eykst og við verðum opnari fyrir þjáningum annarra. Og þá geta ótrúlegir hlutir gerst. Við getum orðið baráttukonur til að lina sársauka heimsins, við getum þjónað fólki og því meira sem við gerum af því að þjóna öðrum opnast ný og ný tækifæri til að láta gott af sér leiða. Kærleikurinn vinnur í gegnum okkur af endalausum og óþrjótandi krafti.

Kæru Etasystur

Mér hefur í gegnum árin fundist að deildina okkar vanti tilgang. Mér finnst okkur þykja vænt um hverja aðra og vilja hver annarri vel. En ég upplifi oft að mæta á fundi með hálfildings skuldbindingu, - jú, forvitni ef eitthvað áhugavert er á dagskrá, en samt finn ég tíðum ákveðið innra viðnám. Ég hef mjög oft fundið hjá sjálfri mér að ég næ ekki vel að tengjast ykkur hinum. Hluti af skýringunni er að ég loka á sjálfa mig,

kannski upplifi ég einhvers konar skömm og byggi varnarmúr í kringum mig. En þegar varnarmúrinn er virkjaður, þá verður engin alvöru tenging. Ég einangrast og samvera við ykkur hinar verður ekki eins nærandi og hún á að geta verið. Það er ekki auðvelt að losna úr fangelsi eigin einangrunar. Vissulega eru afstaða og ásetningur mikilvæg hjálpartæki, en ekki alltaf auðvirkjuð. Ég held að ef okkur tækist að sameinast um verkefni og markmið sem kveikja í okkur kraft og vilja til að þjóna að þá myndi samband okkar og samvera tendrast af ástríðu og krafti. Og verkefnin blasa við okkur.

Heimurinn þarf á því að halda að fólk sem hefur ráðrúm, þroska og kærleiksrikt hjarta láti til sín taka. Við, þrjátíu flottar konur, getum lagt mikið af mörkum til að breyta heiminum. Eigum við að byrja á því að kynna okkur ítarlega hvað við getum gert til að stemma stigu við kolefnislosun og til að auka vellíðan fólks á breiðum skala? Og velja okkur síðan viðfangsefni til að vinna að og setja upp aðgerðaáætlun? Það er verk að vinna og vandamál heimsins knýja dyra. Við búum yfir úrræðum og getum gert kraftaverk ef við tökum höndum saman.

Þetta byrjar allt á einu samtali, eða eins og hin merka kona Margaret Mead sagði einhvern tíma:

„Við skulum ekki efast um það eitt augnablik, að lítill hópur af umhyggjusömu, einbeittu fólki geti breytt heiminum. Í raun er það eina færa leiðin nokkurn tíma.“

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir

Eta-deild



Markmið samtakanna eru:

- **Að** efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- **Að** heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- **Að** efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- **Að** stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- **Að** veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- **Að** efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- **Að** fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

Stefnuyfirlýsing Delta

Kappa Gamma:

*Alþjóðasamtökin Delta
Kappa Gamma stuðla að
auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna
í fræðslustörfum og gæðum í
menntun og uppeldisstörfum.*



Heimasíðan okkar er:

<http://dkg.is>

Heimasíða EvrópuForum er:

<http://dkgeurope.org>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:

<http://dkg.org>